

| tíska | tíðarandi | heilsa | hönnun | börn | pistlar | matur | stjörnuspá |

bírtta

í sumarskapi



VEITINGASTAÐURINN SILFUR:

» Nýr heimur á Hótel Borg

BJARGEY INGÓLFSDÓTTIR:

» Ýtir undir ævintýrin

TÍSKA:

» Rachel Zoe

BIRGITTA HAUKDAL

Syngur með sínu nefi

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
7. júlí - 13. júlí

Við erum Mazda

Veldu Mazda á sóltilboði Brimborgar

2525



Mazda6 Touring 2,0i
4 dyra, sjálfskiptur*

Sóltilboð **2.525.000 kr.**
Bílasamningur 34.726 kr.
Rekstrarleiga 46.100 kr.



Mazda6 Touring 2,0i
5 dyra, sjálfskiptur*

Sóltilboð **2.575.000 kr.**
Bílasamningur 35.414 kr.
Rekstrarleiga 47.100 kr.



Mazda6 Touring 2,0i
Wagon, sjálfskiptur*

Sóltilboð **2.625.000 kr.**
Bílasamningur 36.102 kr.
Rekstrarleiga 48.700 kr.

Sumarið er komið í Brimborg. Vertu Mazda.

Nú er rétta tækifærið til að fá sér nýjan bíl fyrir sumarfríð á sérstöku sóltilboði Brimborgar. Gerðu samanburð á japönskum gæðum. Berðu saman verð og búnað Mazda6 Touring, 4 dyra, sjálfskiptum og Toyota Avensis Sedan Sol, sjálfskiptum. Mazdag kostar núna aðeins frá 2.525.000 kr. á sérstöku sóltilboði til þín. Verð á sjálfskiptum Toyota Avensis Sedan Sol er frá 2.730.000 kr.* Veldu annan stil. Núna Mazda - á sérstöku sóltilboði Brimborgar.

Það sem er umfram í Mazda6 Touring:

- 2,0 lítra vél
- 5 brepa sjálfskipting
- Álfelgur
- Hraðastillir

Við staðgreiðum gamla bílinn þinn.

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Við erum Mazda. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda á sóltilboði Brimborgar.

Skoðaðu Mazda3 og Mazda5 á sóltilboði.



Mazda3 Touring 1,6i
5 dyra, 5 gíra*

Sóltilboð **1.890.000 kr.**
Bílasamningur 25.897 kr.
Rekstrarleiga 34.700 kr.



Mazda3 Touring 1,6i
4 dyra, 5 gíra*

Sóltilboð **1.920.000 kr.**
Bílasamningur 26.307 kr.
Rekstrarleiga 35.200 kr.



Mazda5 Touring 2,0i
7 manna, 5 gíra*

Sóltilboð **2.390.000 kr.**
Bílasamningur 32.748 kr.
Rekstrarleiga 43.400 kr.



*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustuettlit samkvæmt ferli framleidanda og Brimborgar er innfalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur

bús*




Aflaðu þér
frekari upplýsingar
www.mazdabrimborg.is

sóltílboð

Mazda6 Touring 2,0i
4 dyra, sjálfskiptur*
Sóltílboð 2.525.000 kr.
Bílasamningur 34.726 kr.
Rekstrarleiga 46.100 kr.

Við erum Mazda

Komdu núna. Sóltílboð Brimborgar
gildir meðan birgðir endast.



Sumarið er
í Brimborg



 brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

í 84 mánuði og eru háðar breytigum á vöxtum og gengi eru enda mynta 50% ísk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru á ári. Aukabúnaður á mynd: sólfúga. Skv. verðlista Toyota 06/06. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bilsins. Nánari upplýsingar veita söluáðgjafar Brimborgar.

VENDU PIG VIÐ GÆÐI – VENDU PIG VIÐ EIRVÍK

Rómantísk helgarferð fyrir heppin brúðhjón til Parísar



Hjá Eirvík
fást brúðargjafir
í miklu úrvali

GJAFABRÉF



Rómantísk helgarferð fyrir heppin brúðhjón til Parísar
Nöfn allra brúðhjóna sem fá gjöf, keypta í Eirvík fara í pott
sem dregið verður úr 30. september 2006.

Eirvík býður heppnum brúðhjónum í helgarferð til Parísar. Þar verður gisti á Le Grand Hotel Intercontinental sem er eitt glæsilegasta hótel borgarinnar. Í lok september kemur í ljós hvaða heppnu brúðhjón það verða sem eyða dásamlegri helgi í borg ástarinna.

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – www.eirvik.is



16



26



22



36

Petta helst

- 7 Heilsuspíllandi og hneykslanlegt, bikiníð 60 ára
- 8 Heitt og kalt
- 8 Tíðarandi
- 10 Brennsla Baldvins Ringsted
- 12 Eggert Feldskeri: Í hópi þeirra bestu í heiminum
- 14 HM æðið

Greinar og viðtol

- 16 Birgitta Haukdal: Syngur með sínu nefi
- 26 Veitingastaðurinn Silfur: Gömul sál í nýju Silfri
- 36 Hönnuðurinn Bjargey Ingólfssdóttir

Hann/hún

- 22 Matur sem á rætur víða
- 32 Rachel Zoe: Drottningin í dúkkulísubransanum
- 34 Sigríður Björg elur upp
- 40 Tryggvi segir kynjasögur
- 40 Stjörnuspá
- 42 Stjörnurnar verða líka hræddar
- 44 K-vítamín fyrir ungabörn
- 46 Drífðu þig í ræktina

Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarp næstu viku
- 68 Sudoku



HVAR ER PITT EGO?

BENSÍN DÍSEL

KVIT TUN FYLGIR ÁVINNINGUR!



Ódýrt eldsneyti + ávinningur!

www.ego.is

Texti: LILJA KATRÍN
Mynd: GETTY IMAGES



BIKINÍÐ
SEXTÍU ÁRA

Heilsuspíllandi og hneykslanlegt!

„Itsy Bitsy Teenie Weenie Yellow Polka Dot Bikini,“ söng Brian Hyland árið 1960 um bikiníð sem olli algjöru bikiníði meðal ungra, amerískra stúlkna. En bikiníð hefur ekki alltaf átt vinsældum að fagna og í ár á það að baki sextíu ára skrautlega baráttusögu. Í fyrstu þótti bikiníð hneykslanlegt, heilsuspíllandi og ekki eitthvað sem sómasamlegar stúlkur áttu að klæðast.

Það var Louis Reard sem hannaði bikiníð árið 1946 en hann var í mestu vandræðum með hvað ætti að kalla uppfirninguna. Fjórum dögum áður en hann sýndi hönnunina í París sprengdi bandaríski herinn kjarnorkusprengey nárrí eyjaklasa í Kyrrahafinu sem kallast „Bikini Atoll.“ Par var nafnið komið og 5. júlí sama ár afhjúpaði Reard bikiníð. Engin fyrirsæta fékkst til að vera í þessum ógrændri fatnáði og því felli það í hlut nektardansmeyjarinnar Micheline Bernardini að sýna það.

Bikiníð átti tiltölulega auðvelt uppdráttar í Bandaríkjunum samanborið við mörg önnur lönd. Í Hollywood voru stjörnurnar Jayne Mansfield, Marilyn Monroe, Brigitte Bardot og Rita Hayworth óhræddar við að bera á

sér naflann í tvískiptum sundfótum og því breiddist bikinítískan fljótegla út vestan hafs.

Á Ítalíu, Spáni og Portúgal var bikiníð bannað og margir héldu því fram að bikiníð væru heilsuspíllandi, svo ekki sé talað um hve ósmekkleg þau þóttu. Í Þýskalandi var bikiníð einnig litið hornauga og í Rio de Janeiro í Brasilíu var stofnað félag á móti bikinum árið 1947. Bikiníatriði Ursulu Andress í Dr. No snemma á sjóunda áratugnum breytti miklu og sýndi heimimum að óparfi var að agnúast út í sundfatnaðinn.

Síðan þá hafa vinsældir bikiníði vaxið frá ári til árs, fyrir utan níunda áratuginn þegar bikinísala dróst saman um þriðjung.

Í dag gefa bikiníði sundbolum ekkert eftir og haegt er að fá þau í öllum regnbogans litum, staðrúum og sniðum. En tískan fer í hringi og það er aldrei að vita nema naflinn verði bannaður einhværn tímann í framtíðinni og bikiníð þarf að byrja baráttuna upp á nýtt. Pangað til er óhætt að njóta þess að sýna hold og baða sig í sólinni. Til hamingju með afmælið bikini!

heitt & kalt

Heitt



ÍSLENSKA RÍKISSTJÓRNIN fyrir að bæta réttarstöðu samkynhneigðra.

Volt



ENDURGERÐIR á gömlum hryllingsmyndum. Sbr. Omen, Texas Chainsaw Massacre, The Hills Have Eyes, When a Stranger Calls o.fl.

Hverki heitt né kalt



NIÐURMJÓAR BUXUR Eins ótrúlegt og það hljómar eru þær aftur í tísku.

Við stofuhita



SJÓNVARPSPÆTTIR sem gera út á staðlaðar kyn-myndir, eins og King of Queens og According to Jim.

Ískalt



LÝTALÆKNAR sem framkvæma fegrunaraðgerðir á ungleingum.

Gúrkutíð » Enginn á akrinum

Nú er uppskerutíð gúrkunnar. Ekki í þeim skilningi að nú séu allir úti á velli að sinna gúrkuuppskerunni. Þvert á móti. Nú er akurinn tómur. Landsmenn eru farnir í sumarfrí, allt frá leikskólabornum til þingmanna. Þar með er gúrkutíðin hafin.

Frá og með deginum í dag og þar til hausta tekur verða sagðar fréttir af skjöldóttum kúm, manni sem sá örн, opnum minjasafns óræfum og að sjálfsögðu, gúrkum. Fréttar og blaðamenn landsins klóra í síðustu gúrufræin og hefjast handa við að teygja lopann og toga svo þráðurinn dugi þeim til myrkari mánuða.

Fram að því verða blöðin þunn og sjónvarpsfréttatímarr styttri, en það kemur ekki að sök. Það er hvort eð er enginn að horfa né lesa. Kannski gýs svo eitt eldfjall, maður veit aldrei, gúrkan er til alls vís.

HM » Stóra stundin runnin upp

Komið er að úrslitaleik heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu. Þetta er búin að vera löng keppni. Sumir hafa fagnað, aðrir hafa grátið og enn öðrum er alveg nákvæmlega sama því þeir hafa skemmt sér svo vel. Svo vel að bjórinn er að klárást í Þýskalandi, en það hefur ekki gerst síðan... síðan aldrei.

Það er ljúfsá stund þegar leikið er um stærstu verðlauna sem nokkur þjóð getur unnið. Leikurinn markar bæði hápunkt keppninnar og jafnframt lok hennar og það er öruggt að örvaðting grípur einhverja er flautað verður til leikloka. Nú þurfa knattspyrnuáhugamenn að snúa aftur til fyrra lífs, sem að öllum líkindum er orðið litið annað en rjúkandi rústir. Hlúa þarf að langþreyttum mökum og afskiptalausum börnum. Lífið heldur víst áfram og fram að næsta heimsmeistaramóti getum við huggað okkur við enska boltann, Eið í Barcelona, hneyksli í ítalska boltanum, Evrópumótið 2008, meistaradeildina, Copa America, o.s.fr.



Lokað á leikskólum »

Fjölskyldan saman í sumarfrí

Sumarfríin eru byrjuð og margir leikskólar eru lokaðir í einhvern tíma yfir sumarið. Öllum foreldrum er skylt að taka að minnsta kosti fjögurra vikna sumarfrí fyrir börnini sín og því þarf fjölskyldan að eyða meiri tíma saman en venjulega.

Nú er komið að foreldrunum að finna upp á einhverju spennandi að gera með börnunum sem eru vön skipulagðri og skemmtilegri dagaskrá leikskólanna.



Útsölur » Verðhrun í verslunum

Sumarútsölurnar eru byrjaðar. Í búðar-gluggunum blasa við stór skilti sem auglýsa tilboð og verðhrun. „Sale“ stendur á þeim flestum enda hefur löngum þótt svalt að nobba fyrir enskunni þegar útsölur eru auglýstar.

Sumarvörurnar sem streymdu í búðirnar fyrir nokkrum vikum síðan fást nú á góðu verði. Það er því um að gera að skella sér á útsölurnar, skoða úrvalið og næla sér í nokkrar sumarlegar flíklar áður en haustvörurnar koma. Kannski fer sólin að glenna sig og þá er nauðsynlegt að eiga eitthvað sumarlegt og fallegt. Fyrstir koma, fyrstir fá og því er best að kíkja á úrvalið áður en það verður of seint.



NYTT FRÁ KJÖRÍS

SHAKE



RÉTTUR FYRIR PIG.





brennslan mín ...

Baldvin Ringsted tónlistarmaður

Lögin úr spilaranum

Fyrsta plata tónlistarmannsins Bela, Hole and Corner, er nýlega komin út. Bela sem heitir réttu nafni Baldvin Ringsted hefur vakið verðskuldaða athygli og fengið góða dóma fyrir frumburð sinn í tónlisinnri. Bela setti saman brennslu fyrir Birthu með sínum uppáhaldslögum.

„Ég er alls ekki alæta á tónlist, þó að eftirfarandi listi gæti vakið upp ranghugmyndir um það, en hlusta samt á mjög mismunandi tónlistarmenn. Ég var byrjaður að setja saman nokkra þema-lista í hugumani, nostalgíu-listann, metal-listann, kassagitar-listann, 70's-listann en ákvæð svo á endanum að hafa þetta einfalt og telja til lög sem hafa verið í spilaranum hjá mér undanfarið.“

LAG 1 **Zombies - This will be our year.** Tilvalið lag til að opna brennsludiskinn. „Feel-good“ lag sem stenst tímans tönn.

LAG 2 **Sufjan Stevens - Chicago.** Sufjan tekst einhværn veginn að blanda gáfumannapoppi og hillbillí-folk, frábær útsertning og gott lag.

LAG 3 **Crosby, Stills, Nash & Young - Carry on.** Raddir þessara fjórmenningu eru eins og hannaðar sérstaklega fyrir hvor aðra og hljómurinn á undirspilinu allt að því fullkominn.

LAG 4 **Malcolm Middleton - Break my heart.** Annar helmingur Glasgow dúettsins Arab Strap. Sá hann á tónleikum í vor, þá baðst hann förláts að vera að troða þunglyndi sínu upp á tónleikagesti. Þetta er þó afar hressi lag og vísar jafnvæl aðeins í ABBA á köflum. Þarna fær maður líka ekta Glasgow hreim og kaldhæðna sjálfskoðunartexta.

LAG 5 **William Fitzsimmons - Funeral dress.** Fann þennan gaur á Netinu, veit ekki hvort plötur með honum eru fánanlegar í Evrópu. Flott Lo-fi Folk.

LAG 6 **Daniel Johnston og Yo la Tengo - Speedy motorcycle.** Þetta er upptaka úr einhverjum útværþætti þar sem Yo la tengo voru að spila í beinni útsendingu, Pau ákváðu að hringja í Daniel - sem var alveg til í að syngja með þeim þetta lag í gegnum símann þó að hann virtist ekki alveg fatta hvaða hljómsveit þetta væri. Flutningur gerist varla mikil einlægari en þetta.

LAG 7 **Aimee Mann - Give up.** Þetta lag er úr kvíkmyndinni Magnolia. Alltaf þegar ég hlusta á það sér maður fyrir sér atriðið þar sem allar aðalpersónurnar byrjuðu upp úr þurru að syngja með, hver með sínu nefi. Veit ekki hvað það er, það er bara eitthvað flott við þetta lag.

LAG 8 **Lift to Experience - Into the storm.** Gulli vinur minn kynnti mig fyrir þessu Texas bandi. Þegar ég fór að lesa mér til um það á netinu fann ég fullt af tengingum við Preacher myndasögurnar ... Eða kannski bjó ég þær til sjálfur, en allavega gott eyðimerkurkaffi.

LAG 9 **Killswitch Engage - Holy diver.** Tarfurinn sendi mér um daginn þessa endurgerð á „klassísk“ Dio slagaranum. Ég man eftir mér tólf eða þrettán ára að fila þetta í botn. Búinn að blasta þessari steraútgáfu nokkrum sinnum síðan ... og er að fila þetta alveg jafn mikil nuna.

LAG 10 **Steve Reich - Different trains, movement 3.** Veit ekki mikil um þessa útgáfu af þessu lagi (verki) en tilvalið að enda brennsluna á þessu, hugvikkandi og róandi í senn.

» birta mælir með ...

... PLÖTUNNI FOX CONFESSOR BRINGS THE FLOOD með Neko Case, söngkonunni úr The New Pornographers. Einstaklega ljúf plata sem fellur helst undir kántristílinn. Einlæg og falleg söngrödd Case gerir það að verkum að maður gleymir sér algjörlega í tónlistinni á sama tíma og maður bíður spenntur eftir næsta lagi. Veldur alls ekki vonbrigðum og lög eins og Star Witness, At Last og Dirty Knife vekja hjá manni góða tilfinningu í hjarta og huga.



...ÆVINTÝRALANDI OG VERÖLDINNI

OKKAR. Bæði í Kringlunni og Smáralind geta börnin leikið sér í sannkallaðri ævintýraveröld á meðan foreldrarnir versla, já eða kíkja á kaffihús. Það er nokkuð öruggt að börnunum finnist skemmtilegra að ærslast með öðrum börnum í stað þess að ráfa á milli verslana og hanga fyrir utan mótunarklefa.



... FJÓRIR DISKAR, FJÖGUR GLÖS, matseðlinum á Argentínu steikhúsi. Hann samanstandur af bleikju confit, hreindýra carpaccio, grilluðum nautalundum og skyri „panna cotta.“ Virkilega ljúffengir réttir sem gott er að skola niður með eðalvínum, sérvöldum af víneisturum hússins, og ekki annað hægt en að vera pínulítið hamingjasumur að máltíð lokinni.



Eftir einn - ei hringi neinn

NÝTT

Ein sinni voru símar fastir við veggi inni í húsi. Ef þú vildir að hægt væri að ná í þig, þurfirðu að vera heima. Svo komu farsímarinir. Upphaflega var þeirra eini, og þarf, tilgangur að gera fólk í kleift að hringja og taka á móti símtölum hvar sem er. Þetta fyrirkomulag gaf góða raun og vin-sældir farsímanns jukust.

Í dag er hægt að fá síma sem geta tekið við tölvupósti, tekið myndir, sýnt áttavistastefnu, spilað tónlist og tölvuleiki. Og nú hefur kóreski farsímaframleiðandinn LG bætt við einu trompinu enn. Seinna á þessu ári verður settur á markað síminn LP4100, sem búinn er alkóholmæli. Upphaflega var hugmyndin sú að þú gætir athugað hvort þú værir í ástandi til að keyra eftir gott kvöld í bænum. Gott og vel.

Nú hefur hugmyndin þróast og sögur herma að hægt sé að stilla símann þannig að ef hann skynjar áfengi í andadrétti þínum, loki hann á fyrifram ákveðin númer. Við fyrstu sýn er þetta óþarf, en hugsaðu um öll vandræðalegu augnablikin sem þú losnar við ef þú hringir aldrei aftur í fyrverandi eða yfir-manninn á djamminu. Eiginlega ætti þetta að vera staðalbúnaður í öllum sínum!



Eina sólarvörnin sem er skráð læknisfræðileg

PRODERM SUNSCREEN

6 klukkutíma sólarvörn

Vörnin
virkar strax!




Gefur fallegan
endingargóðan
sólbrúnan lit.

SPF 6 12 20 30

www.celsius.is

þolir endurtekið í 6 klst. sjó,
sund, svita, sand
og leik.



Fæst í apótekum og fríhöfninni



Viðtal: VALGEIR RAGNARSSON
Myndir: HARI

» Í HÓPI PEIRRA BESTU Í HEIMINUM «

Eggert Jóhannsson er flestum kunnur sem Eggert feldskeri en hann hefur um árabil starfað sem slíkur. Eggerti hlotnaðist nýlega mikill heiður þegar hann var valinn í alþjóðlega feldskeraklúbbinn Purple Club en inngöngu í hann fá aðeins örfáir útvaldir feldskerar.

HVERNIG KOM ÞAÐ TIL AÐ PÚ GERÐIST FELDSKERI?

Ahuginn kvíknaði árið 1969 þegar að ég var í Þýskalandi, nánar tiltekið í Bremerhafen, þá komst ég fyrst í kynni við loðfeldi. Síðan fór ég í nám til London og var þar í tvö ár. Eftir það fór ég til Svíþjóðar í fimm ár og útskrifaðist þaðan sem feldskeri. Síðan kom ég hingað heim eftir að hafa skoðað heiminn og opnáði Eggert Feldskera árið 1977.

HVAÐ KOMA MARGIR STARFSMENN AÐ FYRIRTÆKINU?

Að öllu jöfnu eru fjórir til fimm starfsmenn. Ég er feldskerinn og síðan eru saumakonur í vinnu hjá mér. Svo þarf einnig að sjá um bókhaldsmálin hér eins og annars staðar.

PÚ VARST AÐ FÁ INNGÖNGU Í PENNAN ALÞJÓÐLEGA FELDSKERAKLÚBB, ÚTSKÝRÐU ÞAÐ AÐEINS.

Purple Club er án nokkurs vafa einn virtasti klúbbur hönnuða og sérfræðinga í feldskerainn sem starfandi er í dag. Í pennan klúbb eru einungis valdir feldskerar sem hafa hlotið alþjóðlega viðurkenningu fyrir loðfeldi sína. Copenhagen Fur er í fararbrotti fyrirtækja þeirra sem kaupa loðskinn. Copenhagen Fur sér meðlimum Purple Club fyrir skinnum, sem síðan fara í framleiðslu sérmerktra loðfelta í hæsta gæðaflokki. Samtökum kaupa rúmlega

sextán milljón loðskinn árlega í þeim súper gæðum sem þarf til þess að geta fengið Purple stimpilinn.

ER KLÚBBURINN STARFANDI UM ALLAN HEIM?

Já, já klúbburinn er starfræktur út um allan heim en aðeins örfáir fá inngöngu. Við erum til að mynda aðeins sjö í klúbbnum á Norðurlöndunum og ég sá eini á Íslandi.

HVAÐA PÝÐINGU HEFUR ÞAÐ FYRIR PIG AÐ KOMAST Í PURPLE CLUB?

Þetta náttúrulega vottar um að gæðamálin séu í fullkomnu lagi hjá manni en fyrst og fremst er gaman að fá viðurkenningu í öllu sem maður gerir. Þetta er frábær viðurkenning, eins gott og það verður, þetta er ekki beint hversdagsleg viðurkenning.

HEFUR INNGANGA PÍN Í KLÚBBINN MIKIL ÁHRIF Á MARKAÐSSETNINGUNA?

Nei, það gerir hún ekki. Ef ég væri í stórfelldri markaðssetningu þá myndi hún vafalaust gera það en það er nú þannig að þeir viðskiptavinir sem ég er með er fólk sem hefur heyrt af mér. Þetta er handverksfyrirtæki og því get ég ekki staðið í stórfelldri markaðsvinnu. Þetta gengur ekki svo mikil út á það að kaupa og selja heldur út á það að búa til eitthvað sem er sérstakt.

Pá velur þú sama stað og málarameistarinn

Við hjá Flügger litum seljum aðeins þá vöru sem við setjum efst á lista hjá okkur sjálfum og sem gefur bestan árangur.

Flügger litir er ekki bara venjuleg verslun.
Flügger framleiðir fyrir fagmennina og þú
getur gengið að því vísu að fá faglega ráðgjöf
frá vel upplýstu starfsfólk okkar.

Flügger litir



HM æðið ... alveg að verða búið

Texti: TRYGGVI GUNNARSSON

Myndir: NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Fótbolti er kannski ekki lífið, en hann er stórtur af því. Sumir líkja landsleikjum, og þá sérstaklega HM, við smækkaða og töluvert síðaprúðari útgáfu af milliríkjadeilum þar sem þjóðarstoltið er þanið og þjóðerniskenndin brýnd. Vissulega er margt líkt með boltanum og striði. Menn mála sig og berja á bumbur, öskra til að hvetja áfram sína menn og hræða andstæðingana. Stundum sýður algjörlega upp úr og slagsmál brjótast út og jafnvel óeirðir.

Það er gaman að horfa á leik á HM og enn skemmtilegра að sjá dýrðina í eigin persónu. Margin ferðast þúsundir kílómetra og eyða ótrúlegum fjármunum til að berja hetjurnar sínar augum og leggja sitt á vogarskálarnar, í veikri von um að framlagið hafi eitthvað með úrslitin að gera. Sitt sýnist hverjum, kannski ganga einhverjir of langt, en það er ljóst að lífið kringum fótboltann hefur sjaldan, ef nokkurn tímann, verið meira.



Það geta ekki allir verið sigurvegarar. Svisslendingar náðu góðum árangri en duttu svo út í vítaspymukeppni á móti Úkraínunum. Þegar liðinu þínu tekst ekki að skora í vítaspymukeppni er gott að setjast bara niður, slappa af og klára bjórinn í rólegheitum.



Snemma beygist krókurinn enda er ekkert aldurstakmark á HM. Pessi hollensku feðgin styrkja hér böndin, bæði við hvort annað og við fóðurlandið, umkringd ótrúlegri stemningu.



Sáði-Arabía er þekkt fyrir ýmislegt annað en knattspyrnuhæfileika. Í stúkunni hins vegar eru allir jafnir og allir þrá bikarinn jafn heitt. Hver stendur á bak við sitt land og sinn menningarheim með stolti.



Efist einhver um áhuga Suður-Kóreubúa, og í raun heimsbyggðarinnar allrar, á HM ættu þessar myndir frá Seúl að eyða þeim efasendum. Þarna eru aðdáendur komnir saman til að horfa á leik Sviss og Suður-Kóreu en allir sem á torginu stóðu, nema ef vera skyldi tveir svíssneskir ferðamenn hægra megin fyrir miðju, urðu fyrir vonbrigðum. Leiknum lauk með sigri Sviss 2-0.



Japanir fara alltaf alla leið og aðeins lengra. Það má vart á milli sjá hvort þessi stuðningsmaður er að fara á fótboltaleik eða í samúræjabardaga.

BYGGJUM SAMAN

SOS-barnaþorpin eru alþjóðleg hjálparsamtök sem starfa í 134 landi um heim allan. Aðalmarkmið samtakanna er að byggja og reka barnaþorp fyrir munaðarlaus og yfirgefin börn. Í dag eru um 440 barnaþorp starfandi og er rekstur þeirra aðallega fjármagnaður með styrkjum frá einstaklingum.

SOS-barnaþorpin á Íslandi hafa aflað styrkja fyrir starfsemina frá árinu 1989. Íslendingar hafa aðallega tekið þátt í starfinu með því að gerast styrktarforeldrar einstakra barna eða þorpa en sífellt er leitað nýrra leiða til þess að geta hjálpað fleiri börnum um heim allan.

Nú óska SOS-barnaþorpin eftir þátttöku allra landsmanna við að reka loka smiðshöggjð á byggingu hins íslenska húss í SOS-barnaþorpi í Úkraínu. Bygging barnaþorps í Úkraínu er partur af herferð sem gengur undir slagorðinu "6 þorp fyrir 2006". Herferð þessi er samstarfsverkefni SOS-barnaþorpanna og Alþjóða knattspyrnusambandsins FIFA og hefur á undanförnu verið kynnt í tengslum við Heimsmeistarakeppnina í knattspyrnu í Þýskalandi 2006.

Þegar flautað verður til leiks í úrslitaleik keppninnar er vonast til að SOS-barnaþorpin hafi safnað nægilega miklu fé til þess að byggja sex ný barnaþorp í jafnmögum heimsálfum. Porpin verða á eftirfarandi stöðum: **Brasilíu:** Recife - **Mexíkó:** Michoahn - **Nígería:** Abuja - **Suður-Afríka:** Rustenburg - **Víetnam:** Dong Hoi - **Úkranía:** Brovary:

Við vonumst til að sem flestir taki jákvætt í beiðni okkar um aðstoð og sjái sér fært um að styrkja verkefnið með því að greiða gíróseðilinn sem sendur hefur verið inn á heimili nú að undanförnu. Einnig er hægt að styrkja verkefnið með frjálsu framlagi: reiknisnúmerið er 0322 – 18 – 942006 – kennitala: 500289-2529 þar að auki er hægt að hringja í númer 904-2006 þá verða dregnar 1000 kr. af símareikningi þínum. Hægt er að fræðast nánar um verkefnið inn á heimasíðu samtakanna www.sos.is

SOS-barnaþorpin hjálpa munaðarlausum og yfirgefnum börnum án tillits til þjóðernis, stjórnarfars, kynþátta og trúarbragða.



Syngur með sínu nefi

» Birgitta Haukdal er ein þeirra sem hafa fengið að prófa sem flestar hliðar skemmtan-iðnaðarins. Hún syngur með Írafári, les inn á teiknimyndir, hefur leikið á sviði og meira að segja sungið í Eurovision. Nú ferðast hún um landið með einni ástsælustu hljómsveit landans, Stuðmönnum.

Pað er grámyglulegur blær yfir borginni þegar blaðamaður hittir Birgitti Haukdal á kaffihúsi í miðbænum. Á þessu ári hefur ekki boðið eins mikið á Birgitti eins og oft áður og segir hún það meðvitaða ákvörðun að draga sig aðeins út úr svíðsljósini. „Mig langar að starfa í þessum bransa í fleiri ár. Eftir þessa sprengrju sem kom fyrir nokkrum árum þá tók ég meðvitaða ákvörðun um að vera ekki of mikið alls staðar. Bara til þess að fólk ið landinu fengi ekki leið á mér og ég gæti haldið áfram. Núna vel ég vandlega hvað ég geri. Ég segi frekar nei en að vera úti um allt eins og ég gerði áður fyrr. Ég fann að það bitnaði á vinum mínum og fjölskyldu. Ég hitti þau aldrei og var alltaf í vinnunni og úti um allt. Ég komst að því að mig langar ekki að lifa þannig lífi. Fjölskyldan er mikilvægari en að græða peninga og vera stjarna.“

TEKUR EKKI VIÐ AF RÖGGU GÍSLA

Hljómsveitin Írafár tók sér frí um óávæðinn tíma um áramótin þar sem hljómborðsleikari sveitarinnar fluttist til Svíþjóðar í nám. Birgitta hikaði því ekki þegar samstarfið við Stuðmenn kom upp á borðið.

„Ég byrjaði alveg óvart að syngja með Stuðmönnum. Það var uppákomu í Kaupmannahöfn þar sem beðið var um Stuðmenn, mig og fleiri skemmtikrafa til að koma og skemmta íslenskum hóp þar. Þá hrингir Jakob Frímann í mig og sprýr hvort við getum ekki gert eitthvað saman og hvort ég taki ekki líka einhver Stuðmannalög og taki mínlög í bland. Það gekk rosalega vel þannig að við ákváðum að prófa þetta í sumar og taka góðan rúnt um landið,“ segir Birgitta sem er þó alls ekki gengin til liðs við hljómsveitina til frambúðar.

„Ég er ekki byrjuð í Stuðmönnum og ég er alls ekki að taka við af Röggum Gísla. Ég vil ekki að fólk mæti á ball og haldi að ég sé að reyna að herma eftir Röggum eða syngja eins og hún. Ég syng með mínu nefi og fíla mig í botn. Ég tek eitthvað af lögum sem hún hefur sungið því það eru góð lög. Lög sem lifa. Ég vil alls ekki að fólk haldi að ég sé að koma í staðinn fyrir einhværn. Ég er bara ég og Stuðmenn eru bara Stuðmenn. Stuðmenn og Birgitta. Ekki Birgitta í Stuðmönnum.“

MIKIL STELPA Í SÉR

„Írafár spilar nútíma popprokk. Við rokkuðum böllin mikið upp þannig að þá var ég oftast í strigaskóm að hoppa með láatum. Núna er ég í kjól, set upp hárið, læt á mig hanska og er meiri dama. Ég byrja settleg á háum hælum í sveiflu og svo endum við á rokki í lokin og þá hoppar maður og greiðslan fer öll í rugl.“

„Ég er rosalega mikil stelpa,“ segir Birgitta skælbrosandi þegar blaðamaður sprýr hvort hún sé strákastelpa inn við beinið. „Ég er stelpan sem elskar að græja sig áður en hún fer út, dúlla mér og hafa fallegt í kringum mig. En mér finnst rosalega gaman að sleppa mér og spá ekkert í hvað öðrum finnst. Fólk þóttí ég nú ekkert frott þegar ég byrjaði. Ég var með svakalega sít hár og þykkt og ég hafði aldrei tíma til að krulla eða sléttu það. Þannig að ég var bara með fléttur. Ég setti í mig fléttur þegar ég vaknaði og var með þær allan daginn. Ég var líka í loðnum legghlífum og með band um hausinn. Mér fannst það töff en fólkinni í kringum mig fannst það ekki. Ég held að ég hafi alltaf verið góð í því að vera bara ég. Hvort sem ég er valin best eða verst klædda konan í einhverjum blöðum.“

SVITNAÐI MED HRAÐAN HJARTSLÁTT

Þótt ekki fari eins mikið fyrir Birgitti þessa dagana og oft áður þá hefur hún nóg fyrir stafni. „Ég las inn á bíómyndina Rauðhetta um daginn og les líka inn á teiknimyndina Gló magnað í Ríkissjónarpinu. Það er það sem mér finnst svo gaman við starfið mitt, ég er í svo mörgu og það er allt svo ólíkt. Ég er kannski að syngja þrjá daga í viku, fer svo jafnvel upp á leiksvið, síðan að kenna krókum að syngja, lesa inn á teiknimyndir og held síðan kannski fyrirlestur. Það eru svo mikil forréttindi að fá að vinna við þetta og sitja ekki bara við skrifborð og gera það sama allan daginn.“

„Ég hef stundum farið og hitt krakka og frætt þá um hitt og þetta um lífið og tilveruna,“ segir Birgitta þegar talið berst að ofangreindum fyrirlestrum og þá kemur í ljós að Birgitta er dugleg við að læra eitthvað nýtt. „Ég fór í Háskólanum í Reykjavík í vetur í fag sem heitir „Fyrirlestrar og fundir á ensku.“ Aðalatriðið í náminu var að standa fyrir framan bekinn og halda fyrirlestra um hin ýmsu mál,“ segir Birgitta sem glottir við tönn er hún rifjar upp einn af fyrstu tímunum. „Ég man þegar ég fór fyrst upp að töflu og átti að tala í fimm mínútur um eitthvað málefni. Ég svitnaði svo rosalega og fékk hraðan hjartslátt. Mér fannst ég miklu verri en allir íbekknum þó að þetta væri mitt starf. Það var mjög erfitt en ég mæli með því að allir fari í svona nám.“

HLÁTUR OG GRÁTUR

Birgitta útilokar ekki frekara nám í viðskiptageiranum í framtíðinni. „Mér finnst svo margt spennandi. Mér finnst viðskipta- og markaðsfræði mjög spennandi en mér finnst sálfræði og allt bakvið það líka mjög spennandi. Ég hef áhuga á svo mörgu og hef alltaf reynt að gera

Texti: LILJA KATRÍN
Myndir: HARI



*„Ég held að ég hafi
alltaf verið góð í því að vera
bara ég. Hvort sem ég er valin
best eða verst klædda konan
i einhverjum blöðum.“*

einthvað nýtt í vinnu eða skóla þegar kemur rólegur tími í tónlistinni. Maður verður að vera duglegur að sinka að sér hinum ýmsu hlutum. Það er aldrei að vita. Kannski endist ég í þessu starfi langt yfir sjötugt og kannski ekki. En það er aldrei of seint að læra eitthvað nýtt.“ Starfið hennar Birgittu hefur líka reynst henni dýrmætur skóli í gegnum árin. „Hver mánuður og hvert ár var og er skóli. Í dag á ég fyrirtæki, B. Haukdal, sem gaf út plötuna mína og sér um míni mál. Þegar ég var að byrja kunní ég ekki neitt og rak mig á aftur og aftur. Þessi ár sem ég hef verið í bransanum er eins og ég hafi verið í Háskolanum. Þetta snýst ekki bara um að syngja. Á bak við hvert verkefni eru samningar, auglýsingar, fundir, markaðsmál, stefgjöld og margt sem fólk veit ekkeri um. Þetta er mér mjög dýrmæt reynsla og hefur verið upp og niður. Hlátur og grátur. Gaman og erfitt.“

TRÚIR Á ÁSTINA

Eins og flestum ætti að vera kunnugt er Birgitta fædd og uppalin á Húsavík en er farin að kunna ansi vel við sig í borginni á síðustu árum. „Ég sagði alltaf að um leið og ég væri komin með börn og fjölskyldu þá myndi ég flytja út á land. Ekki að ræða annað. Fyrstu árin fannst mér ég ekki eiga heima hér en núna er ég búin að búa í Reykjavík í tíu ár og þetta er mitt heimili. Ég er ekki jafn viss um það í dag að ég muni flytja til Húsavíkur og setjast þar að.“

„Ég bý núna í miðbænum með kærastanum mínum, honum Benedikt,“ segir Birgitta og segir að það sé fint að eiga kærasta sem er ekki í bransanum eins og hún. „Ég hélt alltaf að það væri hrikalega erfitt að kynnast einhverjum sem vissi svona margt um mig en ég kannski ekkert um viðkomandi. En það varð aldrei skrítið. Við urðum bara ástfangin. Hann er í lögfræði uppi í Háskóla en við kynntumst þegar hann var að dansa í Grease. Við erum svo lík að mörgu leysi og líka svo ólík að mörgu leysi. Við erum góð blanda. Þetta er allt spurning um hvern þú átt að hitta, hver er þinn maður og hvort þið eigið að vera saman. Ég trúi á ástina enda get ekki annað þegar ég er búin að hitta mína,“ segir Birgitta, og í fyrsta sinn sér blaðamaður sjálfssöruggu og staðfostu stúlkuna fara aðeins út af laginu. Verða örlítið feimin. „Æi, mér finnst bara skrítið að ræða eitthvað svona.“

HEYRIR MINNST AF SLÚÐRINU

Að vera „almennингseign“ þjóðarinnar fylgja ýmsir kostir en jafnframt gallar. Birgitta hefur ekki farið varhluta af einum stærsta fylgufiski frægðarinnar - sögusögnunum. „Á hverju sumri kemur sú saga upp að ég sé ólétt. Ég veit ekki hvort ég fæ alltaf svona mikla bumbu á sumrin. En ég er ekki ólétt, bara hafa það á hreinu.“

„Ég heyri minnst af slúðrinu sjálf. Ef ég vil heyra kjaftasögur þá fer



ég á netið og skrifa „Birgitta.“ Vinir mínr spryja mig hvort ég sé með silikon eða hvort ég sé ólétt og breyta því bara í saklausar kjaftasögur þótt þeir viti að það sé ekkeri til í þeim. Við hlæjum bara saman að þeim. Þetta snertir mig ekki. Mér finnast þessar sögur bara fyndnar. Eina sem mér finnst leiðinlegt við svona sögur eru krakkarnir. Ég vil vera góð fyrirmund og það er leiðinlegt ef þau heyra einhverjar lygasögur. Þá er fólkio sem er að segja þessar sögur að eyðileggja fyrir litlu krökkunum en ekki mér,“ segir Birgitta.

„Maður vill helst ekki svara svona sögum. Mér finnst þær fáranlegar. Írafár er örugglega saklausasta hljómsveitin á landinu. Það er voðalega lítið rokk í okkur og við fáum okkur í mestu lagi bjór saman þegar við erum að spila. Fólk má blaðra ef það vill en ef ég sái einhver fíkniefni, eins og duft eða töflur, þá myndi örugglega líða yfir mig. Ég er svo mikil mús. Ég held að það sé sama hvað þú segir eða gerir þá verða svona sögur til ef þú ert í sviðsljósini.“

Í VEIÐI Í NÆSTU VIKU

Kaffihúsið hefur fyllst af fólkí þegar leiðir Birgittu og blaðamanns skilja. „Ég er með ýmis verkefni í gangi sem ég get ekki sagt frá eins og er. Í sumar er ég að spila úti um allt land með Stuðmönnum og líka að syngja mikil ein. Ásamt því held ég áfram að lesa inn á Gló mögnum. En ég ætla í veiði í næstu viku og síðan með kærastanum og fjölskyldu til Flóríða í lok sumars þegar törnin er búin,“ segir Birgitta og kveður með brosi og vör. Og svei mér þá ef ekki er búið að birta aðeins til.

vorið er komið

BeYu®
[bi:ju:]

munich · ibiza · new york



+ Þú færð BeYu í verslunum Lyfju:

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Selfossi - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Stykkishólmi
Borgarnesi - Eskifirði - Egilsstöðum - Reyðarfirði - Seyðisfirði - Hornafirði - Ísafirði - Húsavík - Sauðárkróki - Blönduósi

Sölustaðir á Landsþbyggðinni



Sundstaðir

Garðabær
Sundlaug Garðabæjar

Hafnarfjörður
Sundhóll Hafnarfjarðar
Sudurbæjarlaug

Hólmavík
Sundlaugin Hólmavík

Mosfellsbær
Íþróttamiðstöð Mosfellsbæjar

Grindavík
Íþróttamiðstöð Grindavíkur

Ólafsfjörður
Íþróttamiðstöð Ólafsfjarðar

Ólafsvík
Íþróttamiðstöð Ólafsvíkur

Reykjavík
Sundhóll Reykjavíkur
Sundlaugin Laugardal
Vesturbæjarlaug
Íþróttamiðstöðin Austurbergi
Íþróttamiðstöðin Kjalarnesi
Grafarvogslaug
Arbaejarlaug

Seyðisfjörður
Sundhóll Seyðisfjarðar

Stokkseyri
Sundlaugin Stokkseyri

Varmahlíð
Sundlaugin Varmahlíð

Vesturbyggð
Sundlaugin Patreksfirði

Vogar
Sundlaugin Vogum

Skagaströnd
Sundlaug Skagastrandar

Garður
Íþróttamiðstöðin Garði

Laugarvatn
Sundlaug KHÍ

Sauðárkrúkur
Sundlaug Sauðárkróks

Húsavík
Sundlaug Húsavíkur

Hvolsvöllur
Íþróttamiðstöð Hvolsvallar

Bolungarvík
Sundlaug Bolungarvíkur

Pórshöfn
Íþróttamiðstöðin Ver

Stykkishólmur
Íþróttamiðstöð Stykkishólms

Grenivík
Sundlaug Grenivíkur

Neskaupstaður
Sundlaug Neskaupstaðar

Þorlákshöfn
Sundlaug Þorlákshafnar

Mývatn
Sundlaugin Reykjahlíð

Verslanir

Akranes
- Verslun Einars Ólafssonar

Akureyri
- Hagkaup

Borgarnes
- Samkaup

Egilsstaðir
- Shellstöðin

Húsavík
- Shellstöðin

Hveragerði
- Shellstöðin

Ísafjörður
- Samkaup

Reyðarfjörður
- Shellstöðin

Reykjanesbær
- 10 - 11

Reykjavík
- Hagkaup Garðatorgi
- Hagkaup Kringlunni
- Hagkaup Skeifunni
- Hagkaup Spönginni
- Hagkaup Eiðistorgi
- Hagkaup Smáralind

Selfoss
- Samkaup

Vestmannaeyjar
- Shellstöðin

Nýtt í Hagkerfinu





Hvað er LATÓ hagkerfið?

Hugsunin á bak við Lató hagkerfið er að endurvekja hin gömlu og góðu gildi sem felast í sparnaði. Í leiðinni er tækifærð nýtt til að auka ábyrgð í innkaupum og tilfinningu fyrir hollustu.

Hvernig virkar LATÓ hagkerfið?

Í hvert skipti sem börn **11 ára og yngri** leggja peninga inn á **Framtíðarrekning Glitnis*** fá þau afhent **1000 Lató**. Fyrir Latóseðlana sína geta þau keypt ýmsar vörur og þjónustu sem tengjast hollustu og útiveru.



LATÓ seðlana færðu í öllum útibúum Glitnis.

Fyrir LATÓ færð þú...



*að lægmarki 2000 kr.

**gildir aðeins virka daga.

Hagkerfið er opnið 1. júlí - 19. ágúst

www.glitnir.is/latibaer



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

GLITNIR

MATUR SEM Á RÆTUR VÍÐA

Umsjón og eldamennska: HALLA BÁRA GESTSDÓTTIR

Myndir: GUNNAR SVERRISSON

Höldum áfram að sanka að okkur sumarlegum uppskriftum. Látum okkur hafa það að grilla þótt grillveðrið sé ekki upp á sitt besta. Fáum aðstoð góðs matar við að bæta sumarskapið. Maturinn á grillið að þessu sinni á rætur sínar víða um veröld: frá Ameríku, Ítalíu, Marokkó og Mexikó. Réttir eru fléttarðir saman og mynda framandi máltið. Fiskur á teini getur allt eins verið kjúklingur í sömu marineringu. Tómat- og lauksalsa gengur með hverju sem er, hrísgjón með kjúklingabaunum getur verið létt máltið og steik í brauði miðnætursnakk!

FISKUR Á TEINI MED SALSA OG GRJÓNUM
700-800 g þéttur, hvítur fiskur

MARINERING:

8 hvítlauchsraf, marin
2 msk. extra virgin ólifuolía
safi úr sítrónu
1/2 tsk. allrahanda
1/2 tsk. kanill
cayennepipar á hnífssoddi

Skerið fiskinn í um 2-3 cm bita. Hrærið allt hráefnið saman í marineringuna og leggið bitana í. Látið marinerað í two tíma. Præðið á pinna og grillið, um þrjár mínútur á hlið. Ath. að þessi marinering hentar einnig vel með kjúklingi.

TÓMAT- OG LAUKSALSA:


8 tómatar, fræhreinsaðir og skornir smátt
100 g steinselja
1-2 rauðlaukar, smátt skornir, magn eftir smekk
1 tsk. kúmín
1/2 tsk. paprikuduft
1 tsk. svartur pipar
safi úr 2 sítrónum
4-5 msk. extra virgin ólifuolía
salt

Hrærið saman allt hráefnið og smakkið til með salti. Berið fram við stofuhita. Þetta er gott með öllu grilluðu kjöti og fiski.

HRÍSGRJÓN MED KJÚKLINGABAUNUM:

1 msk. ólifuolía
1 laukur, fint skorinn
25 g möndluflögur
1/2 dós, 175 g, niðursoðnar kjúklingabaunir, skolaðar
10 svört piparkorn
1 kanilstöng
400 g soðin hrísgjón
400 ml kjúklingasoð
klípa af smjöri
hnefi ferskt kórlander, saxað

Brúnið laukinn í olíu á pönnu. Takið af pönnunni og steikið möndlurnar þar til þær verða gullnar. Setjið kjúklingabaunir og krydd í pott ásamt hrísgjónum og saltið. Hellid sjóðandi soði yfir, hrærið í með gaffli og sjóðið þar til vatnið hefur nánast gufað upp. Hrærið lauk, möndlur, smjörklípu og kórlander saman við. Látið standa í fimm mínútur áður en boríð er fram. Þetta má undirbúa áður og hita upp.



TRIVENTO:

Komið með ferska vindu í vínheiminn



Hér á landi fást fjölmög vín frá argentínska framleiðandanum Trivento bæði í flöskum og í kössum. Um er að ræða hagstæð vín sem kosta 990 kr. í flösku og 3.190 kr. í kössum. Einnig má fá Trivento Reserva Cabernet Malbec sem hefur verið geysilega vinsælt og er skýringin sennilega sú að vínið er með bestu kaupunum í Vínbúðum þegar gæði og verð eru skoðuð. Það kostar 1.190 kr.

Trivento þýðir "þrír vindar" og er kennt við þá vinda sem hafa gert vínrækt mögulega: Polar-vindinn, sem eins og nafnið bendir til, blæs kaldur um vínekurnar á veturna, Zonda sem kemur að vestan frá Andes-fjöllunum með hlýjuna á vorinu og Sudestada að austan kælir svæðið í sumarhitananum og ber raka með sér. Þessir vindar gera vínrækt eins arðbæra og raun ber vitni, og Trivento hefur svo sannarlega komið með ferska vindu í vínheiminn.

Trivento, staðsett í Mendoza-héraði, er einn helsti útflytjandi vína Argentínu undir eigin nafni og eitt vinsælasta argentínska vínið hérlandis. Vínekurnar

eru orðnar 565 hektarar og þrúgurnar eru þær sem hafa reynst best í Argentínu, fyrir utan alþjóðlegu þrúgurnar (cabernet sauvignon, merlot, shiraz, chardonnay) sem þrífast mjög vel á Mendoza-svæðinu. Þar eru í svíðsljósínu malbec, bonarda, torrontes, chenin, viognier, sangiovese og fleiri. Fjölbreytnir eins mikil og hægt er að hugsa sér og víngerðin hjá Trivento nær því besta úr þrúgunum.



ÍTÖLSK-AMERÍSK STEIK Í BRAUÐI

MED HVÍTLAUKSKREMI

4 nautasneiðar að eigin vali, barðar þunnar
8 brauðsneiðar, t.d. ciabatta skorið í tvennt
salat

4 tómatar í sneiðum

MARINERING:

3 msk ólífuolía
1 laukur, skorinn í fína hringi
3 msk. balsamikedik
salt og pipar

HVÍTLAUKSKREM:

2 eggjarauður
1 msk. balsamikedik
2 hvítlauksrif, marin
salt og svartur pipar
1 bolli mild olía

Byrjið á kreminu, hrærið saman allt
hráefnið nema olíuna. Hærið hana þá
saman við í mjórrí bunu, meira og meira
eftir því sem kremið þykknar. Smyrjið
kremið á brauðið.

Steikið laukinn í olíu á pönnu í um
tíu mínútur, bætið við ediki, salti og
pipar eftir smekk og látið sjóða þar
til þykknar. Kælið og látið kjötsneið-
arnar saman við. Hafið í marineringu
í þrjátíu mínútur. Grillið þá kjöt-
sneiðarnar. Setjið salat og tómata
á brauðið, þá kjötsneið og lauk úr
marineringunni. Lokið brauðinu og
berið fram.



Saint Clair Vicar's Choice: Trónir á toppnum hjá Wine Spectator

Ný-sjálendingar eru ein fremsta víngerðarþjóð heims, einkum fræg fyrir hvítvín sín en einnig rauðvín í seinni tíð. Framleiðandinn Saint Clair í Marlborough var valinn vínframleiðandi ársins á síðasta ári í Nýja-Sjálandi. Nú fást fimm vín í vínbúðum hér lendis frá þessum athyglisverða framleiðanda. Saint Clair vínin hafa verið hlaðin lofi síðustu misseri og í júlihefti víntímaritins Decanter eru 126 vín úr þrúgunni sauvignon blanc frá Nýja Sjáalandi prófuð og þar trónir Saint Clair á toppnum.

Til að sjá hvað íslenskum vínáhugamönnum þykir um St. Clair vicar's Choice vínin má

benda á grein á Smakkárin.is en þar er ný grein um nýsjálensk vín og þessi lína af vínum er öll smökkuð. Stefán Guðjónsson vínþjónn og umsjónarmaður síðunnar tekur djúpt í árinni og segir "Ef þessi lína selst ekki á Íslandi þá skal ég hætta að skrifa um vín!" Stefán segir enn fremur: "Fyrir nokkrum árum var ekki talað um annað hjá vínáhugamönnum hér á landi en ný-sjálensk vín. Fullt af virkilega góðum framleiðendum kom á markaðinn en einhvern veginn datt botniinn úr. Vínáhugafólk fór yfir í eitthvað annað og virtist hafa gleymt þessum ágætu vínum. En fólk er farið að

muna eftir þessu fína svæði aftur. Salan á vínunum er ekki gríðarleg en samt stöðug, gæðin hafa aldrei verið betri og verðið hefur haldist nánast óbreytt. Margir vilja meina að ekkert svæði í Nýja-heiminum búi til jafngóð vín úr sauvignon blanc, en Ný-sjálendingar eu ekki síður að gera góða hluti með aðrar vínþrúgur og sem dæmi er hægt að nefna tískuþrúguna í dag, pinot noir."

Vínin fást í Heiðrúnu og Kringlunni og kostar öll 1.390 kr.



GÖMUL SÁL í nýju Silfri

Hótel Borg hefur prýtt miðborg Reykjavíkur frá árinu 1930 og hefur löngum umlukt gesti sína með hlýju andrúmslofti. Í þeiri gömlu sál sem veitingastaður Hótel Borgar hefur að geyma hefur nýr veitingastaður litið dagsins ljós sem ber nafnið Silfur.

Texti: JÓHANNA SVEINSDÓTTIR

Myndir: GVA

Við komuna inn á Silfur réttist ósjálfrátt úr baki blaðamannsins og hreyfingar urðu finlegri til þess eins að stinga ekki í stúf við fágað yfirbragð staðarins. En eftir að glaðlegur þjónn bauð góðan daginn og glæsilegur veitingasalurinn blasti við létt gamli hlýlegi andinn sem fylgt hefur Borginni árum saman á sér kræla og bakið fór í fyrrí stöðu.

Hönnun Silfurs einkennist af vinalegri fágun en Andrés Björnsson arkitekt sá um hönnun staðarins ásamt Ingvari Svendsen, einum af eigendum Silfurs.

„Þetta er sögufrægt hús og því var erfioð áskorun að umbreyta öllu hér inni og skapa nýjan stað,“ segir Ingvar. „Við vildum breyta um stíl en halda allri umgjörðinni svo gamla Borgin hefði enn sína rödd inni í salnum,“ bætir Ingvar við og horfir á arinlogana blakta í gömlu Jóhannesarstofunni sem nú er konfáksstofa Silfurs.

Hinn víðfrægi Gyllti salur á Hótel Borg fékk að halda sínu gamla útliti og verður áfram leigðour út fyrir veislur og fundi. Nafnið Silfur var hugsað sem mótvægi við Gyllta salinn og til aðgreiningar á þessum tveimur rýmum.

EKKI ER HÆGT AÐ SEGJA ANNAÐ EN AÐSTANDENDUM STAÐARINS HAFI TEKIST VEL TIL ENDA RÍKIR JAFRVÆGI MILLI ÞESS NÝJA OG GAMLA SEM GEFUR GESTUM FÆRI Á Því AÐ LEYFA SÉR AÐ LÍDA VEL Í AFSLÖPPUÐU UMHVERFI.

NJÓTA GÓÐS AF REYNSLUNNI

Fyrirtækið 101 Heild er eigandi Silfurs en samtals rekur fyrirtækið átta skemmti- og veitingastaði. 101 Heild hefur á að skipa mörgum þekktustu og virtustu matreiðslu- og framreiðslumönnum landsins, þar á meðal verðlaunakokknum Þórarini Eggertssyni, yfirkokki Silfurs.

„Við tökum þessa gömlu frónsku matseld og leikum okkur svolítioð með hana og setjum í nýjan búning,“ segir Þórarinn um stefnu eldhússins, en allir réttir eru í forréttarstíl. „Við leggjum mikil upp úr framsetningu réttanna og lítum á hvern þeirra sem listaverk. Einnig er hægt að fá svokallaðan Flavours menu sem er fimm til sjö rétta seðill sem ég set saman. Þá nota ég bæði vinsælustu réttina okkar og þá bestu en stundum er ég einfaldlega bara að monta mig,“ segir Þórarinn og brosir, og þótt vitað sé að dramb sé falli næst þá er varla til sá matargestur sem ekki vill verða fyrir monti frá jafn færum kokki og Þórarni.



Silfurlistaverk prýðir arinvegginn en verkð er eftir Elisabetu Ásberg Árnadóttur listakonu. Hún bjó einnig til litlar silfurskeiðar og aðra silfraða smámuni fyrir staðinn.



Skemmtilegar andstæður mætast víða í vali á húsgögnum sem skapar jafrvægi milli nútíðar og fortíðar.



Veitingasalurinn hefur fágað og vinalegt yfirbragð þar sem enn má sjá upphaflegan karakter Hótel Borgar.

HAFÐU ÞAÐ GOTT Í SUMARFRÍINU



VIÐ PÖSSUM UPP Á
HEIMILIÐ MEÐ
HEIMAVÖRN

Securitas hefur ætið verið í fararbroddi þegar kemur að öryggisvörnum heimilisins. Heimavörn Securitas vaktar heimilið allan sólarhringinn, allan ársins hring. Heimavörnin er beintengd stjórnstöð Securitas á Neyðarlinunni 112 þar sem við erum ávallt í viðbragðsstöðu. Þannig getur þú verið viss um að réttir aðilar koma samstundis á staðinn ef eitthvað kemur upp á hjá þér og þinni fjölskyldu.

Hafðu samband við öryggisráðgjafa í síma **580 7000**



HEIMAVÖRN





Hörpuskel með túnfiski, kávár og fenniku.



Tiramisu. Þessi klassíski eftirréttur hefur verið settur í nyjan búning. „Þegar gesturinn horfir á diskinn sér hann splunkunýjan rét en þegar hann stingur skeiðinni í munniňn finnur hann bragðið af þessum þeikta eftirrétti,” segir Þórarinn.



Þórarinn Eggertsson, yfirkokkur Silfurs, leggur mikil upp úr framsetningu réttanna.

VÍN MED SÁL Í HÚSI MED SÁL

Jón Páll Haraldsson, framkvæmdastjóri veitingadeilda Hótel Borgar, vandaði vel valið á vínseðli staðarins. Meðan eldhúsið ber fram nútíð og framtíð fyrir gesti sína, einkennist vínrekkinn af afturhvarfi til fortíðar. „Aðaláherslan er á Burgundy vín,” segir Jón Páll. „Við erum búin að sjá að á síðustu árum hafa Íslendingar verið að færa sig aftur til þess sem ég vil kalla sálina í vínum, sem eru evrópsku vínum. Þetta eru vín sem gera þér kleift að finna dýptina í jarðveginum og sögu svæðisins sem þau eru upprunnin frá,” bætir Jón við, enda þarf staður með sál einnig að bjóða upp á vín með sál.

AFSLÖPPUN OG VELLÍÐAN

Á Silfri er framreiddur bæði hádegis- og kvöldverður og yfir daginn má sötra þar kaffi í rólegheitum. Staðnum er ætlað að vera fyrir þá sem unna góðum mat. „Við viljum að fólk komið hingað í hvaða stemningu sem er,” segir Þórarinn. „Þjónarnir eru afslappadrir en veita faglega þjónustu og því þarf fólk ekki að setja sig í sérstakar stellingar þegar það lítur hér við, bara láta sér líða vel.“ Um helgar geta svo matargestir viðs vegar úr bænum litið við í góða barstemningu, í þægilegri tónlist og drukkið einn drykk í faðmi gamallar sálar í splunkunýju Silfri.

Skelfiskssúpa. „Súpan er borin fram í tvennu lagi. Innihaldinu er fallega komið fyrir í botni súpuskálarinnar og yfir því er kampavínshlaup,” segir Þórarinn.

„Gesturini hellir sjálfur súpuinni á súpuðiskinn, kampavínshlaupið ver innihaldið í botninum og þá er hægt að narta í það eftir vild. Þetta skapar mikla stemningu í kringum klassískan rétt.“

Ný staðsetning og nýjar vörur

Málastell



Gjafavara



Húsgagn

Dúali reflektí

Bruðhjón

Sérhafum okkur í þjórnunni við bruðhjón.

Bruðbagtallistur

Gjof til skráðra bruðkjóna

10% áborð á skráð bruðkjón

BORD FYRIR TWO

OG SVO MIKEU MEIRA

SKEMMUVEGI 6 (BLÁ GATA) - S:568-2221

Föt og fylgihlutir fyrir sumarið!

Kynning



Kiss - Kringlunni
Verð 8.900. einnig til í svörtu



retro - Kringlunni & Smáralind
Verð 8.394



retro - Kringlunni & Smáralind
Verð 4.194



Kiss - Kringlunni
Kjóll kr. 5.990



Next - Kringlunni
Kr. 2.190





Gallerí 17 - Kringlunni
Kjóll Kr. 2.990
bolur kr. 1.690



Glamúr - Laugavegi 41
taska kr. 3.900
sólgleraugu kr. 1.500 og næla kr. 1.500



Deres - Kringlunni
Verð 4.794

rerto - Kringlunni & Smáralind
Buxur kr. 5.593



Next - Kringlunni
Brún sólgleraugu kr. 1.590
Svört sólgleraugu kr. 3.290



Deres - Kringlunni
Levi's bolur kr. 3.990 -40%

Next - Kringlunni
Bikinitoppur 2.290
buxur kr. 1.490

Gallerí 17 - Kringlunni
Gallabuxur kr. 7.990



Texti: LILJA KATRÍN
Myndir: NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Drottningin í dúkkulísubransanum

Rachel Zoe er nafn sem hringir eflaust ekki mörgum bjöllum hjá flestum hér á landi. Prátt fyrir það er hún einn vinsælasti tískugúrú og stilisti vestan hafs og hefur skapað afslappaðan gellustíl sem stúlkur eins og Jessica Simpson, Nicole Richie og Lindsay Lohan aðhyllað.

Afslappaði stíllinn er svo sem ekki nýr af nálinni. Stjörnur eins og Kate Moss og Sienna Miller eru ansi hrifnar af honum og blanda saman rómantík og nútíma hönnun eins og ekkert sé. Þetta hefur aldrei þótt tiltokumál í Englandi en í Hollywood er kvenþjóðin vön því að ganga inn rauða dregilinn uppstríluð í kvöldkjólum.

